



Borgarráð

Ráðhúsinu

101 REYKJAVÍK

Efni: Tjaldsvæðið í Laugardal

Á fundi borgarráðs 1. nóvember 2018 var lagt fram minnisblað ÍTR vegna reksturs tjaldsvæðisins í Laugardal fyrir húsbíla í langtímaleigu á tímabilinu 1. nóvember 2018 - 15. apríl 2019.

Svæðið hefur verið rekið í vetur af Farfuglum ses sem eru með samning við Reykjavíkurborg vegna reksturs svæðisins fyrir ferðamenn.

Samkomulag hefur náðst við Farfugla ses að svæðið verði opið til 15. maí 2019 fyrir húsbíla í langtímaleigu, og þá næst hefðbundinn rekstur fyrir ferðamenn á tjaldsvæðinu, með sumargjaldskrá og reglum um leigutíma.

Fyrirspurnir hafa borist frá þeim sem dvalið hafa á tjaldsvæðinu í vetur hvort verði framboð fyrir slíka þjónustu næsta vetur. Í gildi er samningur milli borgarinnar og Farfugla ses um rekstur tjaldsvæðisins í Laugardal fyrir ferðmenn.

Ef segja á þeim samningi upp skal það gert fyrir 1. september 2019.

Farfuglar bera ábyrgð á öllum rekstri tjaldsvæðanna fyrir ferðmenn, bera kostnað af rekstri svæðisins og mannvirkja, innheimtugjald og hafa samskipti við ferðamenn. Reykjavíkurborg fær tekjur af tjaldstæðinu í samræmi við gildandi samning.

Farfuglar SES hafa óskað eftir að annast rekstur tjaldsvæðisins í Laugardal áfram í samræmi við fyrirbyggjandi samning

Vegna þessa er lagt til eftirfarandi:

- Að samningur milli Reykjavíkurborgar og Farfugla ses um rekstur tjaldsvæðisins í Laugardal verði framlengdur um tvö ár eða til ársloka 2021. Fyrir 1. september 2021 verði tekin ákvörðun um hvort samningnum verði sagt upp eða hann framlengur.
- Að rekstur tjaldsvæðisins yfir næsta vetur á tímabilinu 1. október 2019 - 15. maí 2020 fyrir útleigu í langtímastæðum verði með eftirfarandi hætti:
 - Afmarkað verði sérstakt svæði fyrir langtímastæði á því svæði sem ætlað er fyrir húsbíla og það aðskilið frá svæði sem ferðamenn geta nýtt.
 - Farfuglar ses annast rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir ferðamenn.
 - ÍTR annast rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir langtímaleigu.
 - Sérstakt samkomulag verði gert á milli ÍTR og Farfugla ses um aðgengi gesta í langtímaleigu að snyrtingum, sturtum, eldhúsi, þvottavél og rafmagni. Í samkomulagi komi fram hvert endurgjald til Farfugla verði vegna þessa.



Reykjavíkurborg

Íþróttta- og tómstundasvið

- Þeir sem leigja stæði vegna húsbíla í langtímaleigu geri samning við ÍTR um mánaðarlegar greiðslur til Reykjavíkurborgar vegna leigu á stæðum og fyrir þjónustu svo sem fyrir aðgengi að sturtum, snyrtingum, þvottahúsi, eldhúsi og rafmagni. Í slíkum samningi komi einnig fram ákvæði um umgengni og öryggisreglur á svæðinu.
- ÍTR annast gæslu og þrif á svæðinu og aðstöðu í mannvirkjum.
- Fyrir 1. september 2019 skuli ÍTR leggja fyrir borgarráð fjárhagsáætlun vegna reksturs ásamt tillögu að gjaldskrá.

Þess bera að geta að ekki má gera ráð fyrir að leigutekjur standi undir kostnaði vegna þessa reksturs.

Þá er rétt að taka fram að í sambandi við aðstöðu fyrir langtímastæði, almennt, fyrir húsbíla hefur verið bent á ýmsa staði í borgarlandinu, þar sem slíkri aðstöðu mætti koma fyrir.

Það er mat undirritaðs að eins og staðan er núna, sé það heppilegast og hagkvæmast fyrir borgarsjóð að svæðið í Laugardal verði nýtt áfram fyrir þessa þjónustu yfir vetrartímamann, en með því að breyta rekstrarfyrirkomulaginu, eins og hér hefur verið gerð tillaga um.

Að koma upp nýju svæði hefur í för með sér verulegan kostnað vegna framkvæmda svo sem vegna rafmagns, vatns, stæða o.fl. auk þess sem gera má ráð fyrir að rekstrarkostnaður yrði mun dýrari en gera má ráð fyrir í Laugardal.

Með þessu fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, nýtast mannvirki sem eru í eigu borgarinnar og eru til staðar og geta þjónað þessari starfsemi með góðu móti.

Ef borgarráð fellst á þetta fyrirkomulag, sem gert er í sátt við Farfugla ses, mun ÍTR þegar hefja undirbúning reksturs og kanna alla möguleika á rekstrarfyrirkomulagi með starfsmönnum ÍTR og tengdum aðilum og á hvern hátt koma megi þessu fyrir þannig að hagkvæmast verði fyrir borgina og leigjendur og um leið losað Farfugla ses undan þeirri ábyrgð við að annast þjónustu sem þessa, sem ekki tengist þeirra starfsemi og þjónustu við ferðamenn sem sækja borgina heim og nýta á tjaldsvæðinu.


Ómar Einarsson.